

Snjóflóð á Íslandi veturinn 1980–81

HAFLIÐI HELGI JÓNSSON

Veðurstofu Íslands

Yfir 500 snjóflóð voru skráð þennan vetur. Flest voru þau lítil og einungis 5 ollu tjóni. Í stórrigningu h. 26. janúar braut krapahlaup fjós, hesthús og hlöðu að Lundi í Lundareykjadal og drap 11 stórgripi. Sama dag skemmdi snjóflóð spennistöð á Bíldudal. Í NA-stórhriðarkalla í mars brutu svo snjóflóð nokkra síma- og raflínustaura í Ólafsfirði. Engir menn munu hafa lent í snjóflóðum.

Í 1. töflu eru snjóflóð á víð og dreif um landið talin upp og aðaláhersla lögð á staðsetningu þeirra, dagsetningu og fjölda, en í mörgum tilfellum er einnig gerð grein fyrir stærð og tegund.

Í 2. töflu er gerð grein fyrir snjóflóðum á nokkrum vegaköflum þar sem snjóflóð eru að jafnaði tíðari en annars staðar. eru þetta vegirnir í Ólafsvíkurenni, Óshlíð, Eyrarhlíð og á Breiðadalsheiði, Kirkjubólshlíð, Súðavíkurhlíð og í Ólafsfjarðarmúla.

hlíð, Súðavíkurhlíð og í Ólafsfjarðarmúla. Eftirfarandi atriði eru þar sýnd fyrir hvern vegakafli: Fyrsti snjóflóðadagur vetrarins, síðasti snjóflóðadagur vetrarins, samanlagður fjöldi snjóflóða, fjöldi snjóflóðadaga, meðalfjöldi snjóflóða hvern snjóflóðadag, mestur fjöldi snjóflóða á einum degi og minnstur fjöldi snjóflóða á einum snjóflóðadegi.

Skráningaraðilar hefa einkum verið starfsmenn Vegagerðar Ríkisins um allt land og veðurathugunarmenn, en einnig hafa ýmsir aðrir sent Veðurstofunni gagnlegar upplýsingar. Ennfremur hefur stundum mátt finna upplýsingar í dagblöðum og landshlutablöðum. Ýmsar upplýsingar umfram þær sem hér eru birtar er að finna á skráningar-eyðublöðunum, en þau eru varðveitt á Veðurstofu Íslands.

TAFLA 2. Snjóflóð á nokkrum vegaköflum. — TABLE 2. Avalanches on several roads.

Vegakafli	Fyrsti snjóflóðadagur <i>First avalanche day</i>	Síðasti snjóflóðadagur <i>Last avalanche day</i>	Fjöldi snjóflóða <i>Number of avalanches</i>	Fjöldi snjóflóðadaga <i>Number of avalanche days</i>	Meðalfjöldi snjóflóða á snjóflóðadag <i>Avalanches per avalanche day</i>	Mesti fjöldi snjóflóða á einum degi <i>Max. number of avalanches per day</i>	Minnsti fjöldi snjóflóða á snjóflóðadegi <i>Min. number of avalanches per avalanche day</i>
Ólafsvíkurenni	27/12	26/2	34	9	3.8	6	2
Óshlíð	3/1	3/4	105	27	3.9	16	1
Eyrarhlíð og Breiðadalsheiði	9/12	16/3	27	13	2.1	6	1
Kirkjubólshlíð	11/3	11/3	1	1	1.0	1	1
Súðavíkurhlíð	17/1	19/3	81	13	6.2	13	1
Ólafsfjarðarmúli	11/10	13/5	113	35	3.2	13	1